

Frá: Ásdís H [REDACTED]
Sent: þriðjudagur, 21. september 2021 09:48
Til: USK Skipulag <skipulag@reykjavik.is>
Efni: Re: P-2021-08-25-0016)?

Heil og sæl

Málskot
Mál nr: P-2021-08-25-0016)
Fags. 21.09 2021

Innkeyslan sem nú er til staðar er vissulega 5 metar en 50cm eru fyrir utan bílastæði og því ómögulegt að koma tveimur bílum í stæðið. Meðfylgjandi mynd sýnir kannski ekki nægileg vel en ljóst er að úrtaka hefst inná eða við lóð nágranna.


Gefin rök eru skv.skilmálum gildandi deiliskupulags að hvert hús skuli vera tvö bílastæði og í svari við fyrirspurn segir að hverju bílastæði sé gefið 2,5 m (hefðbundin breidd). Á þeim forsendum að einungis er hægt að nýta 4,5 metar af úrtöku sem innkeyslu við Smáraríma 47, er farið fram á fjölgun bílastæða um eitt skv. fyrri fyrirspurn.

Kveðja Ásdís Hallgrímsdóttir




Smárami 47 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Ásdísar Hallgrímsdóttur dags. 25. ágúst 2021 ásamt bréfi dags. sama dag um fjölgun bílastæða á lóð nr. 47 við Smárarima, samkvæmt tillögu ódags.



AR 2010-2030



Hluti gildandi deiliskipulags



Loftmynd (2020)

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 26. nóvember 2013 og birt í B-deild stjórnartíðinda 26. febrúar 2014. Samkvæmt aðalskipulaginu er Smárami 47 í skilgreindri íbúðarbyggð (ÍB51).

Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir *Rimahverfi: Smárarima/Sóleyjarrima*, samþykkt í borgarstjórn þann 5. desember 2002, ásamt skilmálum og síðari breytingum. Skv. deiliskipulaginu er lóðin Smárami 47 á skilgreindum Reit 1 fyrir einbýlishús.

Umsögn

Skv. skilmálum gildandi deiliskipulags skulu vera tvö bílastæði á lóð hvernar íbúðar í sérbýli. Auk þess er gert ráð fyrir einu stæði (gestastæði) í borgarlandi. Í skilmálakafla fyrir einbýlishús á svæðinu segir að staðsetning bílastæða skv. skilmálateikningu sé bindandi fyrir þessar lóðir. Á lóð nr. 47 við Smárarima hafa verið samþykkt tvö bílastæði á lóðinni og er það í samræmi við gildandi skilmála. Skv. fyrirspurn er núverandi innkeyrsla 5 m breidd og samsvarar það tveimur bílastæðum. (Hefðbundin breidd bílastæðis er 2,5 m.)

Óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi til að breyta 5 m kafli í gangstétt við vesturenda lóðarinnar í innkeyrslu, svo einnig verði hægt að keyra inn á lóðina þeim megin við húsið. Við það fjölga bílastæðum á lóðinni um tvö og fækka um eitt gestastæði í borgarlandi. Innkeyrslur á lóðina verða tvær.



Skjáskot frá götu (2017)



Mynd með fyrirspurn: Staðsetning nýrrar innkeyrslu og bílastæða

Í fyrirspurn eru nefnd dæmi um breiðari innkeyrslur á nokkrum lóðum í hverfinu (þær séu 8-9 m breiðar) og einnig tekið fram að í hverfinu séu dæmi um tvær innkeyrslur á sömu lóðina.

Innkeyrslur í hverfinu eru vissulega misbreiðar í dag en ekki fæst séð að fleiri en tvö bílastæði hafi verið samþykkt á öðrum lóðum í hverfinu (sbr. samþykktu aðaluppdrætti). Breyting á deiliskipulagi til að fjölga bílastæðum á lóðinni sem um ræðir samræmist ekki bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar (sem er aðgengileg á heimasíðu borgarinnar) þar sem sett eru fram viðmið um fjölda bílastæða m.a. fyrir íbúðarhúsnæði.

Með því að fjölga innkeyrslum á lóðir í íbúðarhverfum, og þar með stöðum þar sem bílar bakka yfir gangstéttir, minnkar umferðaröryggi og því ber að halda slíkum stöðum í lágmarki.

Niðurstaða

Neikvætt er tekið í að breyta deiliskipulagi til að fjölga bílastæðum á lóð nr. 47 við Smáraríma og gera nýja 5 m niðurtekt í gangstétt fyrir framan húsið, sbr. umsögn.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri

